

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Fríðugata 8-10-12 – stækkun byggingarreits – óveruleg deiliskipulagsbreyting.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. ágúst 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Vesturbyggðar, 1.-2. áfanga. Breytingin felst í stækkun byggingarreits á lóðinni Fríðugötu 8-10-12.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hellisheiðarvirkjun; ný lóð í nýsköpunarkjarna – deiliskipulagsbreyting.

Í samræmi við skipulagslög samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 26. júní 2025 22. breytingu deiliskipulags Hellisheiðarvirkjunar. Breytingin felst í að nýrri 1,15 ha lóð er bætt við innan nýsköpunarkjarna.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 9. september 2025.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B deild - Útgáfudagur: 12. september 2025